

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1104/2008 um raf- og rafeindatækjaúrgang.

1. gr.

Við 6. gr. reglugerðarinnar bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Óheimilt er að setja á markað, selja hér á landi eða taka til eigin nota í atvinnuskyni, raf- og rafeindatæki sem falla undir þessa reglugerð, nema framleiðandi og innflytjandi þess sé aðili að skilakerfi.

Tollafgreiðsla raf- og rafeindatækis sem fellur undir þessa reglugerð er háð því að innflytjandi og framleiðandi þess sé aðili að skilakerfi. Framleiðendur og innflytjendur skulu við innflutning raf- og rafeindatækja tilgreina leyfisnúmer sitt, sbr. 3. mgr. 12. gr., í þar til gerðan reit á aðflutningsskýrslu. Sá, sem ekki er skylt að vera aðili að skilakerfi, skal við innflutning raf- og rafeindatækis tilgreina leyfistilvísun, sbr. 3. mgr. 12. gr., í þar til gerðan reit á aðflutningsskýrslu til að lýsa yfir að raf- og rafeindatækið sé ekki flutt inn í atvinnuskyni. Við innflutning vöru, sem fellur ekki undir skilgreiningu á raf- og rafeindatæki, skal tilgreina leyfistilvísun, sbr. 3. mgr. 12. gr., í þar til gerðan reit á aðflutningsskýrslu til að lýsa yfir að umrædd vara falli ekki undir skilgreiningu á raf- og rafeindatæki.

2. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja ber að skrá sig hjá Umhverfisstofnun a.m.k. 15 dögum áður en vara, sem tilgreind er í I. viðauka A, B og C, er sett á markað, seld eða tekin til eigin nota hér á landi. Skilakerfi er heimilt að skrá þá framleiðendur og innflytjendur sem aðilar eru að skilakerfinu hjá Umhverfisstofnun og skal í því skyni láta Umhverfisstofnun í té afrit af aðildarsamningi milli þess og framleiðanda og innflytjanda. Skilakerfi skal tilkynna Umhverfisstofnun án tafar þegar framleiðandi og innflytjandi er ekki lengur aðili að skilakerfinu.

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda.

Umhverfisstofnun skal halda skrá með upplýsingum um alla framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja þar sem fyrir hvern einstakan framleiðanda og innflytjanda koma fram upplýsingar um heiti, aðsetur og kennitölu, ásamt upplýsingum um skilakerfi sem hann er aðili að. Auk þess skal skráin hafa upplýsingar um hvaða raf- og rafeindatæki hver framleiðandi og innflytjandi flytur inn í samræmi við flokkun í I. viðauka A. Umhverfisstofnun skal úthluta framleiðanda og innflytjanda leyfisnúmeri við skráningu í skráningarkerfið, sbr. 3. mgr. 6. gr. Framleiðendur og innflytjendur og sá, sem ekki er skylt að vera aðili að skilakerfi, skulu nota almennu leyfistilvísunina „EKKIRAF“ til að lýsa yfir að vara sem verið er að flytja inn til landsins falli ekki undir skilgreiningu á raf- og rafeindatæki með því að tilgreina leyfistilvísunina í þar til gerðan reit á aðflutningsskýrslu. Sá, sem ekki er skylt að vera aðili að skilakerfi, skal nota almennu leyfistilvísunina „EINKANT“ til að lýsa yfir að raf- og rafeindatækið sem verið er að flytja inn til landsins sé ekki flutt inn í atvinnuskyni með því að tilgreina leyfistilvísunina í þar til gerðan reit á aðflutningsskýrslu.

Skilakerfi skulu skila inn til stýrinefndar eftirfarandi gögnum til skráningarkerfis framleiðenda og innflytjenda fyrir 1. júní ár hvert fyrir árið á undan:

- Upplýsingum um magn raf- og rafeindatækjaúrgangs sem er safnað; annars vegar raf- og rafeindatækjaúrgangs frá heimilum og hins vegar raf- og rafeindatækjaúrgangs frá öðrum en heimilum skipt upp eftir flokkum, sbr. I. viðauka A. Einnig upplýsingum um magn raf- og rafeindatækjaúrgangs sem er meðhöndlað hér á landi eða erlendis, skipt upp eftir flokkum, sbr. I. viðauka A.
- Upplýsingum um magn í hverjum flokki sem er endurnýtt annars vegar og magn íhluta, efniviðar og efna sem er endurnotað eða endurunnið hins vegar.
- Upplýsingum um magn raf- og rafeindatækjaúrgangs sem er endurnotað í heilu lagi flokkað eftir tegund, sbr. I. viðauka A.
- Upplýsingum um markaðshlutdeild framleiðenda og innflytjenda, miðað við þyngd skipt upp eftir flokkum í I. viðauka A. Tilgreina skal innflutning, útflutning og framleiðslu.

Stýrinefnd skilar samantekt sömu upplýsinga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. nóvember ár hvert fyrir árið á undan.

3. gr.

Á eftir I. viðauka B við reglugerðina kemur nýr viðauki, I. viðauki C, sem birtur er með reglugerð þessari.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. mgr. 36. gr. og 39. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast gildi 1. september 2013.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 24. apríl 2013.

Svandís Svavarsdóttir.

Stefán Thors.

I. VIÐAUKI C

Tollskrárnúmer raf- og rafeindatækja sem falla undir gildissvið reglugerðar þessarar.

8413.1101	8423.8900	8458.9100
8413.1901	8424.2000	8458.9900
8414.5101	8424.3001	8459.1000
8414.5109	8424.8100	8459.2100
8414.5901	8424.8900	8459.2900
8414.5909	8424.9000	8459.3100
8414.6001	8433.1101	8459.3900
8414.6009	8433.1109	8459.4000
8414.8001	8433.1901	8459.5100
8414.8009	8433.1909	8459.5900
8414.9000	8438.1000	8459.6100
8415.1000	8443.3100	8459.6900
8415.2000	8443.3200	8459.7000
8415.8100	8443.3900	8460.1100
8415.8200	8443.9900	8460.1901
8415.8300	8444.0000	8460.2100
8415.9000	8446.1000	8460.2901
8418.1001	8447.2001	8460.3100
8418.1009	8448.1901	8460.3901
8418.2100	8449.0000	8460.4001
8418.2900	8450.1100	8460.9001
8418.3001	8450.1200	8461.2001
8418.3009	8450.1901	8461.4001
8418.4001	8450.2000	8461.5001
8418.4009	8450.9000	8461.9001
8418.5000	8451.2100	8462.1000
8418.6101	8451.2900	8462.2100
8418.6109	8451.3001	8462.2901
8418.6901	8451.3009	8462.3100
8418.6909	8451.4000	8462.3901
8418.9900	8451.9000	8462.4100
8419.8101	8452.1001	8462.4901
8419.8109	8452.2100	8462.9100
8419.8901	8452.2901	8462.9901
8419.8909	8452.9000	8463.9001
8419.9000	8455.1000	8464.1001
8420.1001	8455.2100	8464.2001
8421.1101	8455.2200	8464.9001
8421.1201	8455.9000	8465.1001
8421.1209	8456.1001	8465.1009
8421.1901	8456.1009	8465.9101
8421.9100	8456.2000	8465.9109
8422.1100	8456.9000	8465.9201
8422.1901	8457.1000	8465.9209
8422.9000	8457.2000	8465.9301
8423.1000	8457.3000	8465.9309
8423.8100	8458.1100	8465.9401
8423.8200	8458.1900	8465.9409

8465.9501	8502.4001	8517.7000
8465.9509	8508.1100	8518.1000
8465.9601	8508.1900	8518.2101
8465.9609	8508.7000	8518.2109
8465.9901	8509.4001	8518.2201
8465.9909	8509.4009	8518.2209
8466.9100	8509.8001	8518.2900
8466.9200	8509.8009	8518.3001
8466.9300	8509.9000	8518.3009
8466.9400	8510.1000	8518.4001
8467.2100	8510.2009	8518.4009
8467.2200	8510.3000	8518.5001
8467.2901	8510.9000	8518.5009
8467.2909	8512.1000	8518.9000
8469.0000	8512.2000	8519.2000
8470.1000	8512.9000	8519.3000
8470.2100	8513.1000	8519.5000
8470.2900	8513.9000	8519.8110
8470.3001	8515.1100	8519.8190
8470.5001	8515.1900	8519.8910
8470.9001	8515.2900	8519.8990
8471.3001	8515.3100	8521.1010
8471.3002	8515.3900	8521.1021
8471.3009	8515.8001	8521.1029
8471.4101	8515.8002	8521.9010
8471.4109	8515.8009	8521.9021
8471.4901	8515.9000	8521.9022
8471.4909	8516.1000	8521.9023
8471.5000	8516.2100	8521.9029
8471.6000	8516.2901	8522.9000
8471.7000	8516.2909	8525.5001
8471.8000	8516.3100	8525.5009
8471.9000	8516.3200	8525.6001
8472.1001	8516.3300	8525.6009
8472.3001	8516.4009	8525.8000
8472.9000	8516.5000	8526.1000
8473.1000	8516.6001	8526.9100
8473.2100	8516.6002	8526.9201
8473.2900	8516.6009	8526.9209
8473.3000	8516.7100	8527.1201
8473.4000	8516.7200	8527.1209
8473.5000	8516.7901	8527.1301
8476.2100	8516.7909	8527.1302
8476.2900	8516.8001	8527.1303
8476.8100	8516.8009	8527.1309
8476.8900	8516.9000	8527.1900
8476.9000	8517.1100	8527.2101
8479.6001	8517.1200	8527.2102
8479.6009	8517.1800	8527.2109
8479.8901	8517.6200	8527.2900
8479.9000	8517.6900	8527.9101

8527.9102
8527.9109
8527.9200
8527.9901
8527.9909
8528.4100
8528.4900
8528.5100
8528.5900
8528.6100
8528.6900
8528.7101
8528.7102
8528.7109
8528.7201
8528.7202
8528.7209
8528.7301
8528.7302
8528.7309
8529.1001
8529.1009
8529.9001
8529.9009
8531.1000
8539.1000
8539.2100
8539.2200
8539.2900
8539.3100
8539.3200
8539.3900
8539.4100
8539.4900

8539.9000
8540.2000
8543.7001
8543.7009
8543.9001
8543.9009
9006.4000
9006.5100
9006.5200
9006.5300
9006.5900
9007.1100
9007.1900
9007.9100
9008.3000
9016.0001
9018.1100
9018.1300
9018.1900
9018.9000
9020.0000
9021.4000
9021.5000
9022.1200
9022.1300
9022.1400
9022.1900
9022.2100
9022.2900
9022.3000
9022.9000
9029.1000
9029.2000
9032.1001

9101.1100
9101.1900
9101.9100
9102.1100
9102.1200
9102.1900
9102.9100
9103.1000
9105.1100
9105.2100
9105.9100
9106.1000
9106.9000
9107.0001
9108.1100
9108.1200
9108.1900
9109.1000
9207.1001
9207.1002
9207.1009
9207.9000
9405.1001
9405.1009
9405.2001
9405.2009
9405.3000
9405.4001
9405.4009
9405.6001
9405.6009
9503.0031
9504.3000